



Menntamálanefnd Alþingis
Sigríður Anna Þórðardóttir, formaður
Alþingi
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 118 / 264
komudagur 29 / 11 1994

Reykjavík, 29. nóvember 1994.
GHG/eg

Efni: Upplýsingar til menntamálanefndar Alþingis.

Í framhaldi af fyrirspurnum þingmanna á fundi menntamálanefndar með embættismönnum menntamálaráðuneytis þann 22. nóvember 1994 upplýsist eftirfarandi:

1) 4. gr. Um skólamáltíðir.

Í mars 1993 bar Einar K. Guðfinnsson, alþingismaður, fram eftirfarandi fyrirspurn: Í hvaða grunnskólum landsins eiga nemendur völ á skólamáltíðum?

Að beiðni menntamálaráðuneytisins tóku fræðslustjórar saman yfirlit yfir stöðu mála hver í sínu umdæmi.

Af upplýsingum fræðslustjóra kemur fram að 11.2% nemenda njóta máltíða í skólum. 14.7% nemenda fá léttan málsverð í skólanum (t.d. súpu, brauð, ávexti). 53.9% nemenda fá ekki málsverð í skólanum heldur er gert ráð fyrir að þeir hafi nesti með sér að heiman.

Að öðru leyti vísast í meðfylgjandi svar við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar.

2) Skólanámskrár.

1991 gerði menntamálaráðuneytið könnun í öllum grunnskólum landsins til að fá yfirlit yfir hversu margir skólar ynnu að skólanámskrá og jafnframt var óskað eftir sýnishorni að skólanámskrám.

Könnunin var send til 212 grunnskóla og bárust 177 svör. Flestir sendu sýnishorn af verkum sínum.

Af þeim 177 svörum sem bárust sögðust 132 gera skólanámskrá en einungis 45 sögðust ekki hafa byrjað þá vinnu.

Þegar skoðuð voru þau sýnishorn sem bárust kom í ljós að um fjórar skólanámskrár uppfylltu þau skilyrði/viðmið sem menntamálaráðuneytið

hefur sett um gerð skólanámskrár. Yfirgnæfandi meirihluti gagna frá skólum voru eins konar listar þar sem markmið Aðalnámskrár grunnskóla frá 1989 voru talin upp, önnur eins konar fréttabréf með helstu atburðum skólaársins. Þess ber þó að geta að í langflestum ritunum voru gagnlegar upplýsingar eins og nöfn kennara, símanúmer, viðtalstímar, skólareglur o.fl.

Þessi könnun leiddi í ljós að nauðsynlegt væri að hefja á ný markvissa fræðslu í skólum um gerð skólanámskrár og tilgang slíkrar vinnu.


3) Um framreikning kostnaðar sveitarfélaga vegna húsnæðisbygginga til að einsetja skólana.

Þessi kostnaðarpáttur er ekki nýr í frumvarpinu, heldur voru þessar álögur lagðar á sveitarfélög með grunnskólaálögum sem sett voru árið 1991. Það er því hlutverk sveitarfélaga að gera kostnaðar- og framkvæmdaáætlanir um það hvernig þessu markmiði skuli náð.

Meðfylgjandi er svar við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar frá því í mars 1993 um það hvaða grunnskólar í landinu væru einsetnir.

Í menntamálaráðuneytinu er enn unnið að undirbúningi svara við nokkrum þeirra spurninga sem fram voru bornar á fundinum. Þau munu send menntamálanefnd á næstu dögum.

F. h. r.



2001 104
L

③

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

MÓTI:	22	Tími:	3
Db.:	12.002	Ab.:	Russí
Tilv.:	Pl.030	Gr.:	

19. mars, 1993

Hér með er yður, hæstvirtí ráðherra, send meðlögð fyrirspurn til yðar á þsk. 759 frá Einari K. Guðfinnssyni um einsetna skóla, sem leyfð hefur verið.

Skriflegt svar óskast innan tíu virkra daga.

Baloue Þorvaldsson

Menntamálaráðherra.

12.012
01.030
LM

1992-93. - 1062 ár frá stofnun Alþingis.
116. löggjafarþing. - 442. mál.

1166. Svar

menntamálaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um einsetna skóla.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða grunnskólar í landinu eru nú einsetnir?

Upplýsinga um einsetningu var aflað frá fræðslustjórum landsins. Skilgreining á „einsetningu“ virðist vera á reiki. Ýmist er talað um einsetningu í þeirri merkingu að hver bekkur hafi sína stofu eða einsetning er skilgreind þannig að allir nemendur geti verið samtímis í skólanum. Í svörum fræðslustjóra og þessari samantekt er miðað við að skóli sé einsettur ef allir nemendur geta verið samtímis í skólanum og ekki þarf að skipta komutíma þeirra vegna plássleysis.

Samkvæmt upplýsingum fræðslustjóra er staðan sem hér greinir:

Reykjavík.

Fjórír skólar eru einsetnir. Nemendafjöldi í þeim skólaárið 1992-93 er alls 1.326 eða 10% nemenda grunnskóla Reykjavíkur. Tuttugu og þrír skólar þurfa að skipta komutíma nemenda, þ.e. eru tvísetnir að einhverju leyti.

Reykjanes.

Átta skólar eru einsetnir. Í þeim eru alls 2.354 nemendur eða um 21% nemenda í umdæminu. Fjórtán skólar eru tvísetnir. Í þeim eru samtals 5.818 nemendur eða um 51% nemenda umdæmisins. Sjö skólar eru blandaðir. Í flestum þeirra eru neðstu bekkirnir tvísettir en 8.-10. bekkir einsetnir.

Vesturland.

Tíu skólar eru einsetnir. Í þeim eru samtals 985 nemendur eða um 37% nemenda í umdæminu. Í fimm skólum er tvísetning að hluta. Í þeim eru a.m.k. 60% bekkjardeilda einsetnar.

Vestfirðir.

Þrettán skólar eru einsetnir. Í þeim eru samtals 496 nemendur eða um 29% nemenda umdæmisins. Átta skólar eru tvísetnir og í þeim eru um 71% nemenda í umdæminu.

Norðurland vestra.

Fjórtán skólar eru einsetnir. Í þeim eru samtals 782 nemendur eða um 43% nemenda. Fimm skólar eru tvísetnir og eru 47% nemenda umdæmisins í þeim.

Norðurland eystra.

Tuttugu og einn skóli er einsetinn. Í þeim eru 1.565 nemendur eða um 36% nemenda umdæmisins. Níu skólar eru tvísetnir með um 64% nemenda.

Austurland.

Fimmtán skólar eru einsetnir. Í þeim eru 397 nemendur eða um 18% nemenda umdæmisins. Fjórtán eru tvísetnir með um 82% nemenda.

Suðurland.

Tutturgu og fjórir skólar eru einsetnir. Í þeim eru 1.599 nemendur eða um 45% nemenda umdæmisins. Sjö skólar eru tvísetnir með 1.942 nemendur eða um 55% nemenda.

Ef þessar upplýsingar eru teknar saman í heild kemur í ljós að 109 skólar, eða um 52% grunnskóla í landinu, geta kallast einsetnir í þeirri merkingu að allir nemendur þeirra geta verið samtímis í skólanum og hafa væntanlega samfellda stundaskrá. Í þessum skólum eru samtals 9.504 nemendur eða um 23% nemenda alls í grunnskólum landsins.

Þess ber að geta að í mörgum skólum, sem hér eru taldir tvísetnir, eru einsetnar bekkjardeildir, einkum í 8.-10. bekk. Heildarfjöldi þeirra nemenda, sem njóta einsetningar, er því meiri en framangreindar tölur sýna.

Í fylgiskjali (með upplýsingum frá fræðslustjórum) koma fram nöfn þeirra skóla sem eru einsetnir í hverju umdæmi og nánari skýringar varðandi einstaka skóla.

Fylgiskjal.**UPPLÝSINGAR FRÁ FRÆDSLUSTJÓRUM****Frá fræðslustjóra Reykjavíkur.**

(1. apríl 1993.)

Hér með sendast svör við spurningum í bréfi, dags. 24. mars sl., vegna fyrirspurnar frá Alþingi um stöðu hvað varðar einsetningu skóla.

Hvað viðkemur a-lið í bréfinu vil ég geta þess að ég lít ekki svo á að skilyrði fyrir því að skóli teljist einsetinn sé að hver bekkur hafi sína stofu út af fyrir sig. Tel ég það skipulagsatriði innan skóla þótt einhverjar stofur séu samnýttar, t.d. sérgreinastofur. Ef allir nemendur skólans koma um svipað leyti að morgni í skólann og ekki þarf að skipta komutíma nemenda vegna plássleysis tel ég að um einsetningu sé að ræða.

Samkvæmt þessu eru eftirtaldir grunnskólar Reykjavíkur einsetnir:

- a. Hagaskóli, Laugalækjarskóli og Réttarholtsskóli á unglíngastigi og Fossvogsskóli á barnastigi.
- b. Austurbæjarskóli, Álftamýrarskóli, Ártúnsskóli, Árbæjarskóli, Breiðagerðisskóli, Breiðholtsskóli, Fellaskóli, Foldaskóli, Grandaskóli, Hamraskóli, Hlíðaskóli, Hólabrekkuskóli, Húsaskóli, Hvassaleitisskóli, Langholtsskóli, Laugarnesskóli, Melaskóli, Seláskóli, Seljaskóli, Vesturbæjarskóli, Vogaskóli, Æfingaskóli KHÍ, Ölduselsskóli.

Virðingarfyllt,

Áslaug Brynjólfsdóttir, fræðslustjóri.

YFIRLIT UM EINSETNINGU OG TVÍSETNINGU

		1. bk.	2. bk.	3. bk.	4. bk.	5. bk.	6. bk.	7. bk.	8. bk.	9. bk.	10. bk.
Kópavogur	Digranesskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett
	Kársnesskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett			
	Kópavogsskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett
	Snælandsskóli	tvísett	tvísett	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett
	Pinghólsskóli								einsett	einsett	einsett
	Hjallaskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett
Seltjarnarnes	Mýrarhúsaskóli	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett			
	Valhúsaskóli								einsett	einsett	einsett
Gardabær	Flataskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett				
	Gardaskóli							einsett	einsett	einsett	einsett
	Hofsstaðaskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett						
Hafnarfjörður	Engidalsskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett			
	Lækjarskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	einsett	einsett	einsett
	Vöðistadaskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	einsett	einsett	einsett
	Óldutúnsskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett
	Setbergsskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett
	Hvaleyrarskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett			
Bessastaðahreppur	Álfanesskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett			
Mosfellshær	Varmárskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett			
	Gfrsk. í Mosfellsbæ								einsett	einsett	einsett
Kjalarneshreppur	Klébergsskóli	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett
Kjósarhreppur	Ásgarðsskóli	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett	einsett			
Keflavík	Myllubakkaskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett				
	Holtaskóli							einsett	einsett	einsett	einsett
Grindavík	Grindavíkurskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett
Njarðvík	Njarðvíkurskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	einsett	einsett	einsett	einsett
Sandgerði	Sandgerðisskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett
Gerðahreppur	Gerðaskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	einsett	einsett	einsett
Vatnsleysustrandarhr.	Stóru-Vogaskóli	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett	tvísett

Skilgreining á einsetningu:

Allir nemendur eru samtímis í skólanum og geta haft samfellda viðveru allan skóladaginn.

HJ 08/04/93

Frá fræðslustjóra Reykjanes.
(3. maí 1993.)

Frá fræðslustjóra Vesturlands.
(24. mars 1993.)

Borist hefur ósk ráðuneytis um upplýsingar til svars við fyrirspurn á Alþingi um það hvaða grunnskólar á landinu séu einsetnir. Jafnframt er óskað eftir svári við því hvernig fræðslustjórar skilgreini einsetinn skóla. Í huga fræðslustjóra Vesturlands er einsetinn skóli sá sem getur veitt öllum nemendum kennslu samtímis, jafnt í bóklegum sem verklegum greinum. Því telur hann að sá skóli geti ekki kallast einsetinn þar sem nemendur verða að koma í skólann sérstaka ferð til þess að sækja tíma í íþróttum eða verklegum greinum.

Samkvæmt þessu eru þessir skólar í umdæminu einsetnir:

Heiðarskóli, Leirársveit, Andakílsskóli, Hvanneyri, Kleppjárnsreykjaskóli, Reykholtisdal, Varmalandsskóli¹, Mýrasýslu, Laugagerðisskóli, Snæfellsnesi, Lýsuhólsskóli, Staðarveit, Grunnskólinn á Hellissandi, Grunnskólinn í Stykkishólmi, Grunnskólinn í Búðardal, Laugaskóli, Sælingsdal².

Eftirtaldir skólar í umdæminu eru ekki einsetnir:

Brekkubæjarskóli, Akranesi: 17 af 24 deildum er kennt samtímis. Oft sérstök ferð í skóla vegna íþróttu og verklegra greina.

Grundaskóli, Akranesi: 17 af 24 deildum er kennt samtímis. Kennslustundir í verklegum greinum ekki alltaf aðliggjandi öðrum tímum á stundaskrá.

Grunnskólinn í Borgarnesi: 15 af 19 bekkjardeildum er kennt samtímis. Stöku stundir í íþróttum og verkgreinum aðgreindar og krefjast sérstakrar komu í skólann.

Grunnskólinn í Ólafsvík er einsetinn að öðru leyti en því að stundum þarf að koma aftur í skóla til íþróttu og verkgreina.

Grunnskóli Eyrarsveitar: Af tíu bekkjardeildum eru sex í kennslu samtímis en stundaskrá að öðru leyti samfelld.

Með þessu telur fræðslustjóri Vesturlands umdæmis sig hafa gefið eins greinargóð svör við fyrirspurninni og hann getur.

Með góðri kveðju,

Snorri Þorsteinsson, fræðslustjóri.

Frá fræðslustjóra Vestfjarða.
(13. apríl 1993.)

Einsetnir skólar: Grunnskólinn í Bolungarvík, Reykhólaskóli, Grunnskóli Barðastrandarhrepps, grunnskólinn Rauðasandi, Grunnskóli Mýrahrepps Núpi, grunnskólinn Holti, grunnskólinn Flateyri, grunnskólinn Súðavík, grunnskólinn Reykjanesi, Finnboga-staðaskóli, Klúkuskóli, grunnskólinn Broddanesi, grunnskólinn Borðeyri.

Tvíssetnir skólar: Grunnskólinn á Ísafirði, Grunnskóli Patreksfjarðar, Grunnskóli Tálknafjarðar, Grunnskóli Bíldudals, grunnskólinn Þingeyri, Grunnskóli Suðureyrar, Grunnskóli Drangness, grunnskólinn Hólmavík.

¹ Heimavist fyrir 6.-10. bekk.

² Allir nemendur í heimavist. Skólaseta yngri nemenda skert.

Frá fræðslustjóra Norðurlands vestra.

Einsetnir skólar: Gagnfræðaskóli Sauðárkróks³, Barnaskóli Staðarhrepps, Vestur-Húnavatnssýslu, Laugarbakkaskóli, Vesturhópskóli, Húnavallaskóli, Varmahlíðarskóli, Steinsstaðaskóli, Akraskóli, Grunnskóli Staðarhrepps, Skagafirði, Grunnskóli Rípurhrepps, Grunnskóli Skefilsstaðahrepps, grunnskólinn Hólum, grunnskólinn Hofsósi, Sólgarðaskóli, Fljótum.

Fjölsetnir skólar: Grunnskóli Siglufjarðar, Barnaskóli Sauðárkróks, Grunnskóli Hvammstanga, Grunnskóli Blönduóss, Höfðaskóli, Skagaströnd.

Frá fræðslustjóra Norðurlands eystra.

(24. mars 1993.)

Á Norðurlandi eystra eru nú 30 sjálfstæðir grunnskólar. Af þeim eru 21 einsetnir en níu hafa ekki húsnæði til einsetningar. Í þessum níu skólum eru þó 64% nemenda umdæmisins.

Í okkar huga merkir „einsetinn skóli“ skóla þar sem allir nemendur geta fengið sína kennslu sasmímis og því sem næst samfellt.

Trausti Þorsteinsson.

Frá fræðslustjóra Austurlands.

(25. mars 1993.)

Eftirtaldir skólar í Austurlandskjördæmi teljast einsetnir, þ.e. nemendur koma í skólann á morgnana og njóta samfelldrar kennslu með eðlilegu matarhléi:

Heimavistarskólar: Brúarásskóli, Skjöldólfsstaðaskóli, Grunnskólinn á Eiðum, Nesjaskóli (að meiri hluta daglegur akstur).

Heimanakstursskólar: Grunnskólinn í fyrrum Beruneshreppi, Grunnskólinn í fyrrum Geithellnahreppi, Grunnskólum á Mýrum, Austur-Skaftafellssýslu, Hrollaugstaðaskóli í Suðursveit, Grunnskólinn í Hofgerði í Örafasveit.

Heimangönguskólar: Grunnskólinn á Bakkafirði, Grunnskólinn á Mjóafirði, Grunnskólinn í Norðfjarðarsveit, Grunnskólinn á Stöðvarfirði, Grunnskólinn á Breiðdalsvík.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Magnússon.

³ Gagnfræðaskóli Sauðárkróks er eini skólinn sem ekki er með skerta skólavíku. Mismunandi er eftir skólum hve marga daga yngstu 3-4 árgangarnir mæta í skóla.

Frá fræðslustjóra Suðurlands.

(26. mars 1993.)

Tvísættnir skólar: Barnaskóli Vestmannaeyja, Hamarsskóli Vestmannaeyja að hluta, Sandvíkurskóli, Grunnskólinn á Stokkseyri, 1. og 2. bekkur eftir hádegi, Eyrarbakka-skóli, Hveragerðisskóli, Grunnskólinn í Þorlákshöfn, 1.–3. bekkur eftir hádegi og 4. bekkur að hluta.

Í öðrum skólum geta allir nemendur verið samtímis í skóla.

Einsetinn er skóli þar sem allir nemendur geta verið samtímis í skólanum, ekki bundið við að hver bekkur hafi sína stofu.

Virðingarfyllst,

Jón Hjartarson.

ALÞINGI
ÍSLENDINGA
FORSETI ALÞINGIS

122 200
3
MENNTAMÁLARÁÐGAFNEFTID

Mötu: 22. mars 1993
Dob: 12612
Tilv: 01.03.0

19. mars, 1993

Hér með er yður, hæstvirtu ráðherra, send meðlögð fyrirspurn til yðar á þsk. 760 frá Einari K. Guðfinnssyni um skólamáltíðir, sem leyfð hefur verið.

Skriflegt svar óskast innan tíu virkra daga.

62
Baloue Þorvaldsson

Menntamálaráðherra.

1992–93. – 1062 ár frá stofnun Alþingis.
116. löggjafarþing. – 443. mál.

760. Fyrirspurn

til menntamálaráðherra um skólamáltíðir.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Í hvaða grunnskólum landsins eiga nemendur völ á skólamáltíðum?

Skriflegt svar óskast.

1992-93. – 1062 ár frá stofnum Alþingis.
116. löggjafarþing. – 443. mál.

LVM

1232. Svar

menntamálaráðherra við fyrirspurn Einaris K. Guðfinnssonar um skólamáltíðir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Í hvaða grunnskólum landsins eiga nemendur vól á skólamáltíðum?

Í fyrstu var talið að hægt væri að vinna upplýsingar um þetta upp úr gögnum sem safnað var í tengslum við könnun sem vinnuhópur á vegum heilbrigðisráðuneytisins stóð að vorið 1991. Við nánari athugun kom í ljós að frumgögnin voru ekki aðgengileg og skýrsla, sem unnin var í kjölfar könnunarinnar, gefur ekki beint svar við fyrirspurninni eins og hún er orðuð. Fyrirspurnin var því send til fræðslustjóra og óskað eftir upplýsingum frá þeim um skólamáltíðir á sérstöku eyðublaði.

Þegar upplýsingar fræðslustjóra eru teknar saman kemur eftirfarandi fram:

	Nemendur alls	Máltíð	Hlutfall af nem.fj.umd.	Málsv.	Hlutfall af nem.fj.umd.	Nesti	Hlutfall af nem.fj.umd.
Reykjavík	13.251					13.251	100,00
Reykjanes	11.296	667	5,90	4.467	39,54	672	5,95
Vesturland	2.639	623	23,61			2.016	76,39
Vestfirðir	1.684	156	9,26			1.190	70,67
Norðurland vestra	1.820	824	45,27			1.120	61,54
Norðurland eystra	4.354	847	19,45	731	16,79	2.776	63,76
Austurland	2.183	335	15,35			453	20,75
Suðurland	3.487	1.108	31,78	789	22,63	457	13,11
Samtals	40.714	4.560	11,20	5.987	14,71	21.935	53,88

Upplýsingarnar ná til almennra grunnskóla sem samtals eru með 32.482 nemendur eða tæp 80% nemenda í landinu. Upplýsingar liggja ekki fyrir um þau rúm 20% nemenda sem á vantar.

Miðað við fyrirbyggjandi gögn njóta 11,2% nemenda máltíða í skólum. Skólamáltíðir eru að sjálfsögðu í öllum heimavistarskólum en í öðrum skólum eru þær algengastar í akstursskólum. 14,7% nemenda í grunnskólum landsins fá léttan málsverð í skólanum (t.d. súpu, brauð, ávexti). 53,9% nemenda fá ekki málsverð í skólanum heldur er gert ráð fyrir að þeir hafi með sér nesti að heiman.

Reykjavík hefur sérstöðu að því leyti að allir nemendur þurfa að koma með nesti að heiman. Á Norðurlandi vestra er hæst hlutfall nemenda sem fá máltíð í skólanum eða 43,7%. Í Reykjanesumdæmi er hæst hlutfall nemenda sem fá léttan málsverð í skóla eða 39,5%.

Um ítarlegri niðurstöður eftir fræðsluumdæmum vísast í eftirfarandi upplýsingar frá fræðslustjórum. Þar er einnig að finna nöfn þeirra skóla sem bjóða skólamáltíðir.

Upplýsingarnar ná til almennra grunnskóla sem samtals eru með 32.482 nemendur eða tæp 80% nemenda í landinu. Upplýsingar liggja ekki fyrir um þau rúm 20% nemenda sem á vantar.

Skólamáltíðir — allt landið.

Fjöldi grunnskóla og nemenda:	Öll umdæmi		Máltíð, mótuneyti		Léttur málsverður í skólanum (t.d. súpa, brauð, ávextir)		Nesti að heiman	
	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur
Heimangönguskólar	92	30.876	3	553	11	5.198	68	21.208
Heimanakstursskólar	46	2.080	45	2.064	0	0	1	16
Heimavistarskólar	8	287	8	287	0	0	0	0
Blandaðir skólar (ganga/akstur/heimavist)	55	7.596	33	1.656	3	789	27	3.457
Samtals	201	40.839	89	4.560	14	5.987	68	24.681

Skólamáltíðir — Reykjavík.

Fjöldi grunnskóla og nemenda:	Öll umdæmi		Máltíð, mótuneyti		Léttur málsverður í skólanum (t.d. súpa, brauð, ávextir)		Nesti að heiman	
	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur
Heimangönguskólar	28	13.251					28	13.251
Samtals	28	13.251					28	13.251

Frá fræðslustjóra Reykjavíkur.

(7. apríl 1993.)

Hvað viðkemur erindi í bréfi dags. 1. apríl sl. um skólamáltíðir er því til að svara að allir skólar í Reykjavík flokkast undir heimangönguskóla þar sem nemendur koma með nesti að því viðbættu að í þeim öllum eru til sölu mjólkur- og ávaxtdrykkir.

Á unglíngastigi eru auk þess sums staðar á boðstólum samlokur eða nemendur smyrja sjálfir brauð og selja enda eru margir þeirra í skólanum á hádegi.

Virðingarfyllst,
Áslaug Brynjólfsdóttir.

Skólamáltíðir — Reykjanesumdæmi.

Fjöldi grunnskóla og nemenda:	Öll umdæmi		Máltíð, mótuneyti		Léttur málsverður í skólanum (t.d. súpa, brauð, ávextir)		Nesti að heiman	
	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur
Heimangönguskólar	22	9.473	1	538	9	4.467	2	672
Heimanakstursskólar	1	22	1	22	0	0	0	0
Heimavistarskólar	0	0	0	0	0	0	0	0
Blandaðir skólar (ganga/akstur/heimavist)	6	1.801	1	107	0	0	0	0
Samtals	29	11.296	3	667	9	4.467	2	672

	Nemar	Deildir	Full máltíð	Létt máltíð	Nesti
<i>Heimangönguskólar:</i>					
Digraneskóli	505	23		x	
Kópavogsskóli	383	20		x	
Snælandsskóli	494	24		x	
Pinghólskóli	193	9		x	
Hjallaskóli	581	28		x	
Mýrarhúsaskóli	448	19			x
Valhúsaskóli	224	9			x
Garðaskóli	551	26		x	
Lækjarskóli	405	23		x	
Víðistadaskóli	624	31		x	
Öldutúnsskóli	731	35		x	
Klébergsskóli	107	10	x		
Holtaskóli	538	25	x	x	
<i>Heimanaksturskóli:</i>					
Ásgarðsskóli	22	2	x		
Samtals	5.806	284	3	10	2

Skólamáltíðir — Vesturlandsumdæmi.

Fjöldi grunnskóla og nemenda:	Öll umdæmi		Máltíð. mótuneyti		Léttur málsverður í skólanum (t.d. súpa, brauð, ávextir)		Nesti að heiman	
	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur
Heimangönguskólar	2	921	1	9	0	0	2	912
Heimanaksturskólar	2	95	2	95				
Heimavistarskólar								
Blandaðir skólar (ganga/akstur/heimavist)	11	1.623	9	519	0	0	7	1.104
Samtals	15	2.639	12	623	0	0	9	2.016

Frá fræðslustjóra Vesturlandsumdæmis.

(14. apríl 1993.)

Vísað er til bréfs ráðuneytis frá 1. apríl með ósk um upplýsingar um einsetinn skóla, sem þegar hefur verið svarað, og um skólamáltíðir vegna fyrirspurnar á Alþingi. Jafnframt var óskað upplýsinga um skiptingu nemenda í heimangöngu-, heimanaksturs- og heimavistarnemendur. Skal hér reynt að gera þeirri skiptingu nokkur skil:

Skólar	Heimang.	Heimanak.	Heimavist	Alls
Brekkubæjarskóli	440			440
Grundaskóli	481			481
Heiðarskóli	3	111		114
Andakússkóli	19	13		32
Kleppjárnsreykir	13	113		126
Varmaland		59	48	107
Borgarnes	170	191 ¹		361
Laugagerði		67		67
Staðarsveit		28		28
Hellissandur	85	33 ²		118
Ólafsvík	203	6		209
Eyrarsveit	152	11		163

Skólar	Heimang.	Heimanak.	Heimavist	Alls
Stykkishólmur	225	15		240
Búðardalur	58	15		73
Laugaskóli		10	70	80
Samtals	1.849	672	118	2.639

¹ Af þessum nemendum er 29 ekið úr dreifbýli og eru þau jafnframt þau einu sem fá máltíð í skólanum. Hin eru í meira en 1.500 m fjarlægð í bænum.

² Nemendum frá Rífi og Gufuskálum er ekið í skóla.

Skólar	Máltíð	Létu máltíð	Nesti	Alls
Brekkubæjarskóli	9 ¹		431	440
Grundaskóli			481	481
Heiðarskóli	114			114
Andakílsskóli	32			32
Kleppjárnsreykir	126			126
Varmaland	107			107
Borgarnes	29		332	361
Laugagerði	67			67
Staðarsveit	28			28
Hellissandur			118	118
Ólafsvík			209	209
Eyrarsveit	11		152	163
Stykkishólmur	15		225	240
Búðardalur	15 ²		58	73
Laugaskóli	70		10	80
Samtals	623		2.016	2.639

¹ Níu nemendur sérdeildar frá máltíð í skólanum.

² Taldir eru aðeins akstursnemendur sem alltaf frá máltíðir en aðrir nemendur skólans eiga þess einnig kost og notfæra sér þann möguleika stundum.

Við þessar skrár má bæta til frekari skýringa að í þeim skólum þar sem nemendur koma með nesti er yfirleitt seld mjólk og aðrar mjólkurvörur frá Mjólkursamsöslunni svo sem jógúrt, þykkmjólk, kakómjólk og ýmiss konar ávaxtasafar og í nokkrum skólum einnig brauð og samlokur, einkum þó fyrir nemendur eldri árganga sem eiga lengri daglega dvöl í skólanum. Er slík sala oftast á vegum skólans en í nokkrum tilfellum rekin af nemendafélagi.

Yfirleitt er um að ræða fullkomið mótuneyti í stærri skólunum þar sem nemendur fá heita máltíð og sums staðar auk þess hressingu er þeir koma í skólann eða áður en þau fara heim. Á þeim stöðum þar sem nemendum er ekið úr dreifbýli til þéttbýlisstaðar er víðast sérstök aðstaða fyrir þá þar sem þeir geta hvílst eða lært í biðtíma og fá næringu, oftast heita máltíð en stundum súpu og brauð þegar kennsludagurinn er styttri.

Með góðri kveðju,
Snorri Þorsteinsson, fræðslustjóri.

Skó

Fjöh

Heir

Heir

Heir

Blar

(g:

San

* E

Bla

Gr

Gr

Gr

Re:

Gr

Gr

Gr

Gr

Gr

Gr

Gr

Gr

Gr

Gr

H:

G:

G:

G:

G:

G:

K:

H:

G:

S:

-

I:

I:

I:

I:

I:

Skólamáltíðir — Vestfjarðaumdæmi.

Fjöldi grunnskóla og nemenda:	Öll umdæmi		Máltíð, mótuneyti		Léttur málsverður í skólanum (t.d. súpa, brauð, ávextir)		Nesti að heiman*	
	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur
Heimangönguskólar	5	338					5	338
Heimnakstursskólar								
Heimavistarskólar	1	16	1	16				
Blandaðir skólar (ganga/akstur/heimavist)	14	1.330	8	140			7	1.190
Samtals	21	1.684	9	156			12	1.520

* Ekki alltaf nesti hjá elstu nemendum í þessum skólum.

	Nemendur	Máltíð mótuneyti	Nesti að heiman
<i>Blandaðir skólar:</i>			
Grunnskólinn Ísafirði	594		x
Grunnskólinn Bolungarvík	233		x
Reykhólaskóli	51	x	
Grunnskólinn Barðaströnd	18	x	
Grunnskólinn Rauðasandi	16	x	
Grunnskólinn Bíldadal	71		x
Grunnskólinn Þingeyri	92		x
Grunnskólinn Núpi	8	x	
Grunnskólinn Hóli	17	x	
Finnbogastadaskóli	14	x	
Grunnskólinn Drangnesi	26		x
Grunnskólinn Hólmavík	114		x
Grunnskólinn Broddanesi	7	x	
Grunnskólinn Borðeyri	9	x	
Grunnskólinn Suðureyri	60		x
<i>Heimangönguskólar:</i>			
Grunnskólinn Patreksfirði	159		x
Grunnskólinn Tálknafirði	72		x
Grunnskólinn Flateyri	59		x
Grunnskólinn Súðavík	44		x
Klúkuskóli	4		x
<i>Heimavist:</i>			
Grunnskólinn Reykjanesi	16	x	

Skólamáltíðir — Norðurlandsumdæmi vestra.

Fjöldi grunnskóla og nemenda:	Öll umdæmi		Máltíð, mótuneyti		Léttur málsverður í skólanum (t.d. súpa, brauð, ávextir)		Nesti að heiman	
	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur
Heimangönguskólar	5	1.121					5	1.121
Heimnakstursskólar	13	699	13	699				
Blandaðir skólar (ganga/akstur/heimavist)	1	125	1	125				
Samtals	19	1.820	14	824			5	1.121

	Nemendafjöldi	Máltíðir
<i>Heimangönguskólar:</i>		
Grunnskóli Siglufjarðar	300	
Barnaskóli Sauðárkróks	211	
Gagnfræðaskóli Sauðárkróks	275	
Grunnskólinn Blönduósi	210	
Höfðaskóli Skagaströnd	126	
<i>Heimanaksturskólar:</i>		
Barnaskóli Staðarhrepps Vestur-Hún.	11	x
Laugarbakkaskóli	127	x
Vesturhópskóli	14	x
Húnavallaskóli	105	x
Steinsstaðaskóli	40	x
Akraskóli	22	
Grunnskóli Staðarhrepps Skagafirði	6	
Grunnskóli Rípurhrepps	10	
Grunnskóli Skefilsstaðahrepps	3	
Grunnskólinn Hólum	31	x
Grunnskólinn Hofsósi	62	x
Sólgarðaskóli Fljótum	13	x
<i>Blandaðir skólar:</i>		
Varmahlíðarskóli	125	x

Skólamáltíðir — Norðurlandsumdæmi eystra.

Fjöldi grunnskóla og nemenda:	Öll umdæmi		Máltíð, mótuneyti		Léttur málsverður í skólanum (t.d. súpa, brauð, ávextir)		Nesti að heiman	
	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur
Heimangönguskólar	14	3.260	1	6	2	731	11	2.523
Heimanaksturskólar	9	653	9	653				
Heimavistarskólar	2	74	2	74				
Blandaðir skólar (ganga/akstur/heimavist)	7	367	3	114			5	253
Samtals	32	4.354	15	847	2	731	16	2.776

Skólamáltíðir — Austurlandsumdæmi.

Fjöldi grunnskóla og nemenda:	Öll umdæmi		Máltíð, mótuneyti		Léttur málsverður í skólanum (t.d. súpa, brauð, ávextir)		Nesti að heiman	
	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur
Heimangönguskólar	12	1.379					11	1.258
Heimanaksturskólar	6	74	5	58			1	16
Heimavistarskólar	5	197	5	197				
Blandaðir skólar (ganga/akstur/heimavist)	6	533	6	80			6	453
Samtals	29	2.183	16	335			18	1.727

Máltíð/mötuneyti Nesti að heiman¹

<i>Heimangönguskólar:</i>			
Seyðisfjarðarskóli			x
Nesskóli			x
Grunnskólinn á Eskifirði			x
Grunnskólinn á Bakkafirði			x
Grunnskóli Borgarfjarðar			x
Egilsstaðaskóli			x
Grunnskólinn á Mjóafirði			x
Grunnskóli Reyðarfjarðar			x
Grunnskólinn á Stöðvarfirði			x
Hafnarskóli			x
Heppuskóli ²			x
Verkmenntaskóli Austurlands ²			x
<i>Heimnakstursskólar:</i>			
Grunnskólinn í Norðfjarðarhreppi			x
Grunnskólinn í Beruneshreppi		x	
Grunnskólinn í Geithellnahreppi		x	
Grunnskólinn í Mýrahreppi		x	
Hrollaugstaðaskóli		x	
Grunnskólinn í Hofgarði		x	
<i>Heimavistarskólar:</i>			
Brúarásskóli		x	
Skjöldólfsstaðaskóli		x	
Hallormsstaðaskóli		x	
Grunnskólinn á Eiðum		x	
Aiþýðuskólinn á Eiðum		x	
<i>Blandaðir skólar²:</i>			
Vopnafjarðarskóli		x	x
Fellaskóli		x	x
Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar		x	x
Grunnskólinn í Breiðdalshreppi		x	x
Grunnskólinn á Djúpvogi		x	x
Nesjaskóli		x	x

¹ Mjólk víða á boðstólum í skólunum.

² Sjoppa er rekin í skólunum.

³ Mötuneyti er fyrir börnin sem ekið er til skóla en aðrir koma með nesti að heiman.

Skólamáltíðir — Suðurlandsumdæmi.

Fjöldi grunnskóla og nemenda:	Öll umdæmi		Máltíð, mötuneyti		Léttur málsverður í skólanum (t.d. súpa, brauð, ávextir)		Nesti að heiman	
	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur	Skólar	Nemendur
Heimangönguskólar	4	1.133					4	1.133
Heimnakstursskólar	15	537	15	537				
Heimavistarskólar								
Blandaðir skólar (ganga/akstur/heimavist)	10	1.817	5	571	3	789	2	457
Samtals	29	3.487	20	1.108	3	789	6	1.590

Svar við fyrirspurn frá Einari K. Guðfunnssyni, alþingismanni, sem beint var til menntamálaráðherra á 116. löggjafarþingi - 443. mál - þsk. 760.

Fyrirspurnin var orðuð svo: Í hvaða grunnskólum landsins eiga nemendur vól á skólamáltíðum?

Þegar fyrirspurnin barst töldu starfsmenn ráðuneytisins í fyrstu að hægt væri að vinna upplýsingar um þetta upp úr gögnum sem safnað var í tengslum við könnun sem vinnuhópur á vegum heilbrigðisráðuneytisins stóð að vorið 1991. Við nánari athugun kom í ljós að frumgögnin voru ekki aðgengileg og skýrsla sem unnin var í kjölfar könnunarinnar, svarar ekki fyrirspurninni beint eins og hún er orðuð. Fyrirspurnin var því send til fræðslustjóra og óskað eftir upplýsingum frá þeim um skólamáltíðir á sérstöku eyðublaði. Haft var símsamband við fyrirspyrjanda og honum greint frá stöðu málsins og jafnframt að það kynni að taka nokkurn tíma að safna upplýsingunum saman og vinna úr þeim. Hann kaus að bíða frekar eftir nýjum upplýsingum en að fá úrvinnslu úr eldri gögnum strax.

Ef upplýsingar fræðslustjóra sem ráðuneytið óskaði eftir í framhaldi af fyrirspurninni, eru teknar saman kemur fram eftirfarandi yfirlit:

	Nem	Hlutf. af Máltíð	Hlutf. af nem.fj.umd	Mátsv.	Hlutf. af nem.fj.umd	Nesti	Hlutf. af nem.fj.umd
Reykjavík	13251					13251	100,00
Reykjanes	11296	667	5,90	4467	39,54	672	5,95
Vesturland	2639	623	23,61		0,00	2016	76,39
Vestfirðir	1684	156	9,26		0,00	1190	70,67
Norðurl. ve	1820	824	45,27		0,00	1120	61,54
Norðurl. ey	4354	847	19,45	731	16,79	2776	63,76
Austurland	2183	335	15,35		0,00	453	20,75
Suðurland	3487	1108	31,78	789	22,63	457	13,11
Samt.	40714	4560	11,20	5987	14,71	21935	53,88

Upplýsingarnar ná til almennra grunnskóla sem samtals eru með 32.482 nemendur eða tæp 80% nemenda í landinu. Upplýsingar liggja ekki fyrir um þau rúm 20% nemenda sem á vantar.

Miðað við fyrirliggjandi gögn njóta 11,2% nemenda máltíða í skólum.

14,7% nemenda fá léttan málsverð í skólanum (t.d. súpu, brauð, ávexti).

53,9% nemenda fá ekki málsverð í skólanum heldur er gert ráð fyrir að þeir hafi með sér nesti að heiman.

Reykjavík hefur sérstöðu að því leyti að allir nemendur þurfa að koma með nesti að heiman.

Á Norðurlandi vestra er hæst hlutfall nemenda sem fá máltíð í skólanum eða 43,7%.

Í Reykjanesumdæmi er hæst hlutfall nemenda sem fá léttan málsverð í skóla eða 39,5%.

Um ítarlegri niðurstöður eftir fræðsluumdæmum vísast í meðfylgjandi ljósrit af gögnum frá fræðslustjórum. Ennfremur fylgir hér með áðurnefnd skýrsla vinnuhóps á vegum heilbrigðisráðuneytisins um könnun sem gerð var vorið 1991.

Menntamálaráðuneytinu, 6. maí 1993